

Stjórnarfundur KAÍ 16.05.2024 kl. 12.00 á skrifstofu KAÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Mætt: Reinharð, Mæja, Hafþór og Ronja og á Zoom: Elías, Gunnlaugur og Rut. Sissó boðaði forföll.

1. Fjárhagur.

- a. Eigum um 500.000 kr eftir að hafa gert upp NM24. Eigum von á 5.500.000 frá ÍSí og lottó næstu mánuði.

2. Mótamál

- a. Mótadagskrá er komin inn á kai.is. Stefnt að GP3 28/29 september, BM og ÍMU kumite 16/17 nóvember og GP4 30. nóvember. Uppskeruhátíð KAÍ 1. des. Nú geta félögin farið að leita að húsum undir mótin.
- b. RIG25 verður haldið helgina 25/26 janúar 2025. Samþykkt að tilkynna ÍBR að karete verði keppnisgrein á leikunum. Um leið og dagsetning verður staðfest af ÍBR þá verður útbúinn flyer til að auglýsa mótið erlendis.
- c. Reglur um íslandsmót. Samþykktar viðbætur og breytingar á reglugerð. Verður uppfærð á vef KAÍ. Tekur strax gildi.

3. Uppgjör NM24.

- a. Tekjur af mótinu voru 3.126.731 kr. Útgjöld 7.056.979 kr. Kostnaður KAÍ við mótið var því 3.930.248 kr.

4. Landsliðsmál

- a. Landsliðsþjálfara. Landsliðsnefndin og Magnús Kr. Eyjólfsson hafa komist að samkomulagi um að hann starfi áfram fram yfir EM senior í maí 2025. Samningur verður undirritaður við hann fljótlega.
- b. Sadik Sadik verður með lokaæfingar 4. og 5. júní. Kveður landsliðið í kumite þar.
- c. Nefndin er að leita að arftaka hans erlendis. Vonast til að það klárast í sumar.
- d. Elías Guðni ítrekaði álit sitt á að nóg væri að hafa landsliðsæfingar á 2 vikna fresti, því keppendur ættu að æfa í félögum sínum milli landsliðsæfinga.
- e. Samningur var handsalaður á NM við KAITEN um að verða styrktaraðili fyrir Landsliðið. Keppendur fá fría keppnisgalla og hlífar og hannaður verður utanyfirgalli sem við fáum með 50% afslætti.
- f. Verkefni haustsins:
 - i. WKF Series A Salzburg 13.-15. september
 - ii. Karate Open Lisboa, 21. september
 - iii. HM 14-U21 Venice, 9.-13. október
 - iv. Polish Open, 19.-20. október
 - v. Smáþjóðamót Evrópu, Monacó, 1.-3. nóvember
 - vi. WKF Youth League, Venice, 5.-8. Desember

5. Formannfundur KAÍ í seinnihluta ágúst.

- a. Kynna reglugerðarbreytingar.
- b. Kynna mótaætlun haustsins
- c. Kynna landsliðsverkefni haustsins.
- d. Önnur mál þegar nær dregur.

6. Önnur mál.

- a. Gunnlaugur óskaði eftir að tekið yrði á óviðeigandi framkomu keppenda og liðsmanna á mótum og viðburðum KAÍ. Að tekið verði hart á óvirðingu og látum sem gangi gegn gildum íþróttarinnar.

Fundi slitið kl 13.15